

Fundargerð 28. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 19. október í 2016 kl. 10.30

Dagskrá:

1. Verklagsreglur uppbyggingarsjóða Austurlands og Norðurlands vestra
2. Áhersluverkefni Eypings
3. Greinargerð stýrihóps fyrir árið 2015
4. Fundir stýrihóps með landshlutasamtökum sveitarfélaga
5. Mótun nýrrar byggðáætlunar 2017-2023 – staðan
6. Sviðsmyndir um búsetuþróun 2030 – vinnufundur
7. Mótun verklagsreglna um umboð og starfshætti stýrihópsins
8. Önnur mál

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Helga Haraldsdóttir (ANR), Karl Björnsson (sambandinu), Þór G. Þórarinsson (VEL), Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum, á skype frá Egilsstöðum frá kl. 11.00) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Halldórsdóttir (FOR) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Fundargerð 27. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur velkomna í stýrihópinn, en hún tekur sæti Ingibjargar Rafnar Pétursdóttur sem fulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Verklagsreglur uppbyggingarsjóða Austurlands og Norðurlands vestra

Endurskoðaðar verklagsreglur fyrir uppbyggingarsjóði Austurlands og Norðurlands vestra höfðu verið sendar stýrihópnum fyrir fundinn og staðfesti stýrihópurinn reglurnar fyrir sitt leyti.

Með tillögum að nýjum verklagsreglum fyrir Uppbyggingarsjóð Austurlands fylgdi viðamikil greinargerð um úrbætur og fagleg vinnubrögð sem stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi hafði falið úthlutunarnefnd sinni að vinna eftir að tveggja ára reynsla var komin af starfinu. Fyrir utan tillögur að breyttri stjórnskipan sjóðsins og nýjum úthlutunarreglum er þar einnig að finna tillögur um rafrænan gagnagrunn fyrir umsóknir og handbók fyrir uppbyggingarsjóðinn. Hvoru tveggja gæti nýst öllum uppbyggingarsjóðunum og ástæða til að skoða betur.

2. Áhersluverkefni Eypings

Á síðasta fundi stýrihópsins voru tekin fyrir til staðfestingar áhersluverkefni Eypings. Eitt af þremur verkefnum, Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra, var staðfest með fyrirvara um að

verkefninu verði lýst skýrar. Stýrihópnum hafði verið send ný verkefnalýsing og staðfestir verkefnið fyrir sitt leyti.

Fulltrúi landshlutasamtakanna kom á fundinn kl. 11.00.

3. Greinargerð stýrihópsins fyrir árið 2015

Fundarmenn höfðu fengið send lokadrög að greinargerð stýrihópsins til ráðherra um framvindu sóknaráætlunarsamninga og ráðstöfun fjármuna. Stýrihópurinn samþykkir greinargerðina og felur formanni og verkefnisstjóra að ganga frá henni og afhenda ráðherra. Greinargerðin verður í kjölfarið send landshlutasamtökum sveitarfélaga.

4. Fundir stýrihóps með landshlutasamtökum sveitarfélaga

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta er kveðið á um að fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga fundi árlega um framkvæmd hvers samnings á grundvelli sóknaráætlunar. Lagt er til að fundirnir í ár verði haldnir dagana 29. og 30. nóvember. Reikna er með allt að 1,5-2 tímum á hvern fund. Verkefnisstjóra falið að boða fundina.

5. Mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023 - staðan

Formaður og verkefnisstjóri greindu frá stöðunni við mótun nýrrar byggðaáætlunar fyrir árin 2017-2023 og lagði formaður fram til upplýsinga minnisblað til ráðuneytisstjóra atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis, dags. 12. október sl., sama efnis.

Vinnan gengur almennt vel. Fyrstu vikuna í október hófst önnur fundarlota samráðs. Formaður og verkefnisstjóri hafa farið ásamt starfsmönnum Byggðastofnunar á fundi með landshlutasamtökum sveitarfélaga og samráðsvettvöngum þeirra þar sem kynnt voru drög að áherslum og tillögum og kallað eftir sjónarmiðum heimamanna. Fyrirhugað var að fara í aðra fundarlotu með ráðuneytunum um miðjan október þar sem farið yrði yfir greiningar þeirra á fjárveitingum er lúta að byggðapróun, ásamt greiningu þeirra á samþættingu áætlana hvers ráðuneytis við byggðaáætlun. Ekkert ráðuneyti, utan umhverfis- og auðlindaráðuneytis, hafa skilað upplýsingunum og þess vegna hefur fundum með þeim verð frestað. Þessi töf veldur því að skilum á byggðaáætlun hefur verið seinkað til 9. desember nk. Stefnt er að því að frágangsvinna við byggðaáætlun fari fram í nóvember og að niðurstöður verði kynntar stjórn Byggðastofnunar, stýrihópnum og samtökum sveitarfélaga í lok þess mánaðar.

6. Sviðsmyndir um búsetuþróun 2030 - vinnufundur

Í tengslum við mótun nýrrar byggðaáætlunar vann Framtíðarsetur Íslands sviðsmyndagreiningu um búsetuþróun til ársins 2030 og var sú vinna kynnt á opnum fundi 27. september sl. Formaður upplýsti að hún hafi óskað eftir að starfsmenn Framtíðarseturs haldi vinnufund með starfamönnum Byggðastofnunar og fulltrúum stýrihópsins til að fara nánar yfir vinnuna og hvernig nýta megi hana með bestum hætti, meðal annars í tengslum við sóknaráætlanir landshluta. Stefnt er að því að fundurinn verði á Sauðárkróki.

7. Mótun verklagsreglna um umboð og starfshætti stýrihópsins

Á síðasta fundi stýrihópsins kom fram að minnisblað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 17. maí 2016, um umboð stýrihópsins Stjórnarráðsins um byggðamál hafi verið samþykkt í ríkisstjórn þann 19. maí. Með samþykkt minnisblaðsins felur ríkisstjórnin stýrihópnum að móta skýrar verklagsreglur um umboð og starfshætti stýrihópsins í málum er snerta byggðamál, svo sem undirbúning fjármálastefnu og

fjármálaáætlana á sviði einstakra ráðuneyta og aðra opinbera stefnumótun. Formanni og verkefnisstjóra falið að hefja undirbúning að þeirri vinnu.

8. Önnur mál

a) Rafrænn gagnagrunnur

Á síðasta samráðsfundi stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga var rædd sú hugmynd að uppbyggingarsjóðirnir sameinuðust um rafrænan gagnagrunn. Þá tillögu er einnig að finna í skýrslu úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Í dag er umsóknum í flestum landshlutum skilað á pdf-formi, með tilheyrandi tímafrekri vinnu. Nokkur landhlutasamtök eru að skoða möguleika á að láta hanna gagnagrunn og hefur verið rætt hvort vinna eigi slíkan grunn sameiginlega á landsvísu og dreifa þannig kostnaði. Í því sambandi hefur verið horft til gagnagrunns Rannís.

Landshlutasamtökin óska eftir upplýsingum um hvort stýrihópurinn hyggist hafa aðkomu af slíkri vinnu og þá með hvaða hætti. Formaður lagði til að óskað verði eftir fundi með Rannís og umræðum frestað til næsta fundar. Tillagan var samþykkt og formanni falið að óska eftir fundi með Rannís.

b) Næsti fundur stýrihópsins

Ákveðið að næsti fundur stýrihópsins verði miðvikudaginn 16. nóvember kl. 10.30-12.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10.